

Fundargerð

168. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn fimmtudaginn 18. desember 2014, kl. 13.15 í Fosshóтели, Ketilsbraut 22, Húsavík.

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.**
2. **Fyrirhuguð heimsókn Umhverfisstofnunar á nýju ári; hlutverk, yfirumsón, verkefni framundan og önnur mál.**

Umhverfisstofnun óskar eftir fundi með heilbrigðisnefnd um hlutverk Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda og verkefni sem eru framundan. Ákveðið var að bjóða Umhverfisstofnun að funda með nefndinni miðvikudaginn 14. janúar n.k.

3. **Íslenska Gámafélagið ehf; urðun á asbesti; hreinsunaraðgerðir.**

Alfreð Schiöth og María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúar kynntu málið og eftirfarandi bókað:

Meðferð Íslenska gámafélagsins ehf. á spilliefnum, þ.e. móttaka, flutningur og förgun á asbesti frá Ólafsfirði í ágústmánuði sl., er skýrt brot á starfsleyfisskilyrðum fyrirtækisins.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra gerir þá kröfu að Íslenska gámafélagið fái aðila með tilskilin leyfi til að sjá um flutning úrgangsins á viðurkenndan urðunarstað fyrir árslok 2014.

Formanni var veitt umboð til að gera Íslenska Gámafélaginu ehf reikning vegna viðbótareftirlits og eftirfylgni vegna brota félagsins á starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar.

4. **Ósafl ehf; úrbætur vegna hávaða frá gangnagerð í Vaðlaheiði.**

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi skýrði frá kvörtunum sem hafa borist vegna hávaða frá loftræsikerfi Vaðlaheiðarganga og úrbótum hjá Ósafl ehf vegna þessa; unnið er að einangrun á blásara og ef slík aðgerð dugar ekki; þá þarf að takmarka keyrslu á blásara.

5. **Boginn, íþróttahús, Akureyri, viðhaldsmál.**

Þórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti stöðu mála varðandi viðgerðir og fyrirhugaða endurnýjun á grasteppi í íþróttahúsinu Boganum á Akureyri; um er að ræða kostnaðarsamar framkvæmdir. Einnig var skýrt frá fyrirhuguðu viðhaldi í Friðriksstofu (húsgrunnur og gólfefni).

Umsagnir:

1. **Deiliskipulag íbúða- og athafnasvæðis á jörðinni Garður II í Mývatnssveit**

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn vegna deiliskipulags og kynnti jafnframt minnisblað frá Umhverfisstofnun þar sem sérákvæði er varða hreinsun skólps á Mývatns- og Laxárvæðinu eru skýrð nánar.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Skútaberg ehf., kt. 510108-0350. Efnisvinnsla úr námu í landi Skúta í Hörgársveit. Nýtt starfsleyfi. **Afgreiðslu frestað.**
2. Orkey ehf., kt. 440507-0690, Njarðarnesi 10, 603 Akureyri. Lífdísselframleiðsla. Endurnýjun starfsleyfis. **Afgreiðslu frestað.**
3. Mublur ehf., kt. 451113-0620, Brekkugötu 13. Trésmíðaverkstæði. Nýtt starfsleyfi. **Afgreiðslu frestað.**
4. ÁTVR kt. 410169-4369, vínbúð Bakkagötu 10 670 Kópaskeri. Ný starfsemi. **Samþykkt.**
5. KNA veitingar ehf. kt. 590914-1180, Eyrarvegur 3, 680 Þórshöfn. Veitingastaður fl. III. Nýr rekstraraðili og breytingar. **Samþykkt.**
6. Ytra-Lón ehf. kt. 500909-0560, 681 Þórshöfn gististaður fl. V endurnýjun. **Unnið er að endurbótum á einu húsinu og fyrirhugað að meta ástand hússins þann 1. apríl 2015.**
7. Jason ehf, kt. 690306-0500, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð 0403 að Hafnarstræti 81, Akureyri undir nafninu Gisting Akureyri. **Samþykkt.**
8. Fitnessverslun, verslun með fæðubótarefni, kt. 630114-0470, Hrísalundi 5, 600 Akureyri. Rekstraraðili: Alfreð Pálsson kt. 280573-5159, Þórunnarstræti 117, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
9. CFH ehf, CrossFit Hamar, (líkamsrækt), kt. 450710-0160, Furuvöllum 7, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**

Önnur mál:

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.30

Pétur Maack Þorsteinsson
formaður

Alfreð Schiöth

Þorkell Björnsson

Þórey Agnarsdóttir

Hafsteinn H. Gunnarsson

María Markúsdóttir

Þórarinn Þórisson

Jón Torfi Halldórsson

Kristín Halldórsdóttir